

# Eining-Iðja

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað • 5. árgangur • Júní 2003

Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson
Umsjón, textagerð og prófarkalestur: Fremri kynningarþjónusta, Furuvöllum 13, Akureyri. Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667. Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar: Patcharee Srikongkaew og Rafn Kjartansson

Auglýsingar: P.J. Markaðs- og auglýsingaþjónusta - símar 566 8262 og 861 8262, pj@pj.is

Prentvinnsla: Ásprent

Forsíðumyndina tók Haraldur Ingólfsson í heimsókn barna og starfsfólks af leikskólanum Krógabóli á Akureyri að Stóra-Dunhaga í Hörgárdal.

Blaðinu er dreift inn á öll heimili á félagssvæði Einingar-Iðju. Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða að hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík - Ráðhúsinu - sími: 466 2318 - runa@eining-idja.rl.is
Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði - Múlavegi 1 - sími 466 2318 - gusti@eining-idja.rl.is

# Efnisyfirlit:

Bls.
Mikil viðurkenning fyrir starfsfólk Samherja ........ 4
Orlofshúsin: Örfáar vikur lausar ........ 4
Átt þú rétt á orlofsuppbót ........ 4
Afsláttur í göngin ........ 4
Aðalfundur 2003:
Góður fundur - erfiðar ákvarðanir ........ 6
Reksturinn almennt á góðu róli ........ 6
Félagsmönnum fjölgar ........ 6
Hærri bætur ekki vinnuletjandi ........ 7
Mikið bil á milli ........ 7
Verkalýðshreyfingin á kortið ........ 7
Vantar stóran vinnustað ........ 7
Erfiður rekstur sjúkrasjóðs ........ 8
1. maí: Velferð fyrir alla ........ 7
Fræðslusjóðurinn LandsMennt - lítið þekktur en mikið notaður ........ 10
Námskeiðastyrkirnir hækka ........ 10
Sjálfstyrking gagnast öllum ........ 11
Fjölvirkjanám ........ 11
Réttur til að fá launaseðla ........ 11
Mikill áhugi meðal dyravarða ........ 12
Láttu ekki plata þig ........ 13
Öflugur hópur hjá Sæplasti ........ 14
Upplýsingar á ensku ........ 16
Upplýsingar á tælensku ........ 17
Undirbúningur kjarasamninga ........ 18
Láglaunadraugurinn enn á vappi? ........ 20
Ánægja með þjónustu félagsins ........ 21
Stjórnir og nefndir starfsárið 2003-2004 ........ 22

lífs val



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandi.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.

SPARISJÓÐURINN
–fyrir þig og þína

# Himneskt bragð
# Jarðnesk hollusta

Það sem gerir Húsavíkurjógúrt svona góða er að hún er ***hrein náttúruafurð án allra aukaefna***.

Á markaðnum eru margar bragðtegundir af Húsavíkurjógúrt og ættu því allir að finna einhverja við sitt hæfi. Hún er eina jógúrtin á markaðnum í 1/2 l fernum. Fernurnar hafa nú fengið nýtt útlit.

Almenningur gerir sér æ ljósari grein fyrir mikilvægi hollrar og næringarríkrar fæðu í uppbyggingu líkamans. Húsavíkurjógúrt er góður valkostur í heilbrigðum lífsstíl.






NÝJAR UMBÚÐIR

HÚSAVÍKUR
Jógúrt

# Mikil viðurkenning fyrir starfsfólk Samherja

***Samherji fékk á dögunum Útflutningsverðlaun forseta Íslands 2003. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra Samherja, verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Athygli vakti við athöfnina að Þorsteinn Már afhenti, Sólveigu Maríu Hjaltadóttur, starfsmanni í fiskiðjuveri Samherja á Dalvík, viðurkenninguna til þess að undirstrika þátt starfsfólksins í viðurkenningunni.***

Í ávarpi þegar hann veitti viðurkenningunni viðtöku sagði Þorsteinn Már meðal annars: „Ég lít á þessi verðlaun öðru fremur sem viðurkenningu til starfsfólks Samherja fyrir sérlega vel unnin störf á liðnum árum. Og ég vil segja eins og er að mér finnst starfsfólk Samherja vel að verðlaununum komið. Það hefur staðið sig einstaklega vel.“

Eining-Iðja færir starfsfólki Samherja og forráðamönnum innilegar hamingjuóskir með þessa verðskulduðu viðurkenningu.



*Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, afhendir Sólveigu Maríu Hjaltadóttur, starfsmanni félagsins á Dalvík, útflutningsverðlaunin. Mynd: Ragnar Th. Sigurðsson.*

## Orlofshúsin

# Enn laust á Spáni

***Athygli er vakin á að enn er hægt að fá leigt sumarhús á Spáni. Formlegri úthlutun orlofshúsa samkvæmt umsóknum félagsmanna er lokið fyrir nokkru og annarri úthlutun lauk síðan fyrir rúmri viku. Hið sama er uppi á teningnum nú og oft áður. Margir sækjast eftir sömu húsunum á sama tíma þannig að því miður fá ekki allir umsækjendur dvöl á þeim stað á þeim tíma sem þeir helst óskuðu sér.***

Umsvif í rekstri orlofshúsanna hafa aukist á undanförnum árum en enn vantar þó mikið á að félagið komist nálægt því að fullnægja eftirspurn yfir hásumarið. Reynt hefur verið eftir föngum að auka fjölbreytnina hvað staðarval snertir, ýmist með því að taka hús á leigu eða fá afnot af húsum í skiptum fyrir afnot af húsum félagsins á Illugastöðum.

Alls sóttu 458 félagsmenn um orlofshús nú á vordögum en 226 manns fengu úthlutað viku. Enn eru þó örfáar vikur lausar í orlofshúsum félagsins nú snemma sumars og síðla sumars. Upplýsingar um lausar vikur fást á skrifstofu félagsins.

### *Fullt í Danmörku, laust á Spáni*

Eins og frá var sagt í orlofsblaði félagsins í mars hefur Eining-Iðja ásamt STAK á leigu hús í Danmörku og á Spáni sem félagsmönnum gefst kostur á að taka á leigu í sumar. Mikil ásókn var í húsið í Danmörku þannig að það hús hefur verið leigt út að fullu. Hins vegar reyndist minni ásókn í húsið á Spáni en búist var við þannig að enn gefst félagsmönnum kostur á að leigja það hús í ágúst. Húsið er í 17 kílómetra fjarlægð frá Alicante. Verð fyrir vikudvöl, frá miðvikudegi til miðvikudags, er 22.000 krónur.

### *Breyting á vetrarleigunni*

Sú breyting verður á útleigu orlofshúsa félagsins á Illugastöðum næsta vetur að hluti húsanna verður í beinni útleigu hjá félaginu í stað þess að yfir vetrartímann hefur verið venjan að öll húsin á Illugastöðum hafa verið í útleigu fyrir milligöngu orlofsbyggðarinnar þar.

# Áttir þú rétt á orlofsuppbót?

Félagið vill minna á rétt félagsmanna til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt samningum skal það starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót. Hana skal greiða þegar fólk hefur orlofstöku, það er fer í sumarleyfi, eða eigi síðar en 15. ágúst. Jafnframt skal hér vakin athygli á því að upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir samningum. Í almennum samningum milli Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins og í samningum félagsmanna Einingar-Iðju sem starfa hjá ríkinu er kveðið á um að orlofsuppbót í sumar skuli verða 20.400 krónur. Í samningum við sveitarfélögin gildir önnur upphæð, 10.000 krónur. Þessar upphæðir eru síðan breytilegar eftir starfshlutfalli og starfstíma.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir tólf vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs.

# Afsláttur í göngin

Fyrir þá sem eiga leið suður og í gegnum Hvalfjarðargöngin skal hér enn og aftur minnt á að með því að koma við á skrifstofu félagsins áður en farið er af stað geta félagsmenn sparað sér dágóðar upphæðir. Á skrifstofum félagsins eru til sölu miðar í göngin á lægra verði en greiða þarf þegar komið er á staðinn. Máltækið „safnast er saman kemur“ á svo sannarlega við hér því frá upphafi hafa félagsmenn samtals sparað sér eitthvað á aðra milljón króna.

gorenje



# HEIMILISVINIR

Hurðin er ávallt köld viðkomu því gorenje ofnar eru gerðir
til að verja börn og umhverfi. **- Fyrirgefðu, og hunda.**

RÖNNING

Borgartúni 24 • Reykjavík • Sími: 562 4011
Óseyri 2 • Akureyri • Sími: 460 0800

hausverk

Aðalfundur 2003

# Góður fundur - erfiðar ákvarðanir

***Fjórði aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri þriðjudagskvöldið 6. maí. Góð samstaða var á aðalfundinum, sem var fjölmennur og fór vel fram í alla staði.***

Rekstrarafkoma félagssjóðs á liðnu ári var svipuð og árið á undan og er félagið á góðu róli hvað það varðar en aftur á móti stóðu aðalfundarfulltrúar frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun að skerða réttindi í sjúkrasjóði félagsins vegna slakrar afkomu hans.

Síðastliðið starfsár félagsins var dæmigert með hliðsjón af því að nú styttist í næstu kjarasamninga og er undirbúningur þeirra raunar þegar hafinn.



*Frá aðalfundi félagsins 6. maí síðastliðinn. Síðastliðið starfsár félagsins var dæmigert með hliðsjón af því að nú styttist í næstu kjarasamninga og er undirbúningur þeirra raunar þegar hafinn.*

### Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Ekki komu fram önnur framboð til stjórnar og trúnaðarráðs en sá listi sem kjörnefnd lagði fram þannig að sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð og raunar í fastanefndir félagsins einnig því ekki kom til neinna kosninga á fundinum. Tveir stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu eftir starf í þágu félagsins um árabil en það voru þau Arndís Sigurpálsdóttir og Hilmir Helgason og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf að málefnum félagsins um árabil.

Í stjórn félagsins voru kjörin: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður og Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari. Í aðalstjórninni eiga einnig sæti formenn deilda og svæðisráða félagsins, alls átta fulltrúar auk þeirra þriggja sem kjörin voru á aðalfundinum.

# Reksturinn á góðu róli

***Hagnaður af reglulegri starfsemi Einingar-Iðju nam rúmlega 11 milljónum króna á liðnu ári, sem er tveimur milljónum króna minna en árið áður. Félagið sér sjálft um innheimtu félagsgjalda og hefur hún gengið mjög vel.***

Af uppgjöri einstakra sjóða, fyrir fjármagnstekjur og -gjöld, má nefna að hagnaður félagssjóðs nam 6,2 milljónum króna, hagnaður vinnudeilusjóðs 12,3 milljónum og orlofssjóðs tæplega 1,1 milljón. Halli varð hins vegar á rekstri sjúkrasjóðs upp á 8,5 milljónir króna eins og nánar er skýrt á blaðsíðu 8.

Rekstur orlofssjóðs félagsins var jákvæður á árinu en að teknu tilliti til framkvæmda er niðurstaðan neikvæð. Félagið hefur lokið við endurbætur á öllum orlofshúsum sínum á aðeins þremur árum og eru umsvif í rekstri þeirra vaxandi.

Vinnudeilusjóður félagsins stendur vel. Eftir síðustu kjarasamninga setti félagið sér það markmið að tvöfalda þann sjóð. Það mun takast og gott betur þannig að félagið stendur vel að vígi fyrir komandi samninga.

Í heild var afkoma félagsins svipuð á liðnu ári og árið á undan að undanskildum sjúkrasjóði félagsins. Hagnaður ársins að teknu tilliti til fjármagnstekna og -gjalda nam rúmum 14,3 milljónum króna, sem er 6,7 milljónum króna lakari afkoma en árið áður og skýrist sú breyting að verulegu leyti af mun lakari afkomu sjúkrasjóðsins eins og áður segir.

# Félagsmönnum fjölgar

***Trúnaðarráð Einingar-Iðju samþykkti 490 inntökubeiðnir í félagið á liðnu ári en félagsmönnum fjölgaði þó ekki nema um 108 því einhverjir yfirgáfu félagið. Aðalfélögum fækkaði raunar um 35 á árinu. Þeir eru nú 4.691 en voru 4.726 fyrir ári. Aukafélögum fjölgaði hins vegar um 143, úr 715 í 858 nú.***

Eftir svæðum skiptast félagsmenn nú þannig:

| | Aðalfél. | Aukafél. |
|---|---|---|
| Ak. og nágrenni. | 3.792 | 708 |
| Svæðisr. Dalvíkur. | 539 | 73 |
| Svæðisr. Ólafsfj. | 186 | 48 |
| Svæðisr. Grýtu.b.hr. | 111 | 17 |
| Svæðisr. Hríseyjar | 63 | 12 |
| **Samtals** | **4.691** | **858** |

## Aðalfundur 2003

# Hærri bætur ekki vinnuletjandi

*Í skýrslu formanns félagsins á aðalfundinum ræddi hann meðal annars um fátækt og skýrsluna „Velferð fyrir alla", sem velferðarnefnd átti þátt í að vinna og hefur vakið mikla athygli og umræður. „Í Skýrslunni er farið ofan í kjölinn á fátækt á Íslandi og kemur fram að það er stór hópur fólks sem er mjög fátækt í þess orðs fyllstu merkingu. Skýrslan hefur haft þau áhrif að menn virðast vera að opna augun fyrir því að það sé mjög brýnt að taka á þessum vanda og er okkur til mikillar skammar að ekki hafi verið tekið á þessum málum fyrr," sagði Björn á aðalfundinum.*

### Ekki mönnum sæmandi

Í beinu framhaldi vék hann að málefnum þeirra sem eru án atvinnu og upphæð atvinnuleysisbóta. Atvinnumálanefnd ASÍ hefur krafist þess að fullar atvinnuleysisbætur, sem í dag eru rúmlega 77 þúsund krónur, verði ekki lægri en lágmarkslaun en þau eru 93 þúsund krónur. Meðalbætur eru aftur á móti um 64 þúsund krónur. Um þetta sagði Björn: „Það hefur komið í ljós að um 42% þeirra sem sækja um styrk hjá félagsmálastofnunum eru atvinnulausir. Það er sorglegt að heyra þingmenn og ráðherra lýsa því yfir að ekki megi hækka bæturnar því að það virki vinnuletjandi á fólk. Svona tal er algjört rugl og ekki nokkrum manni sæmandi að láta það út úr sér." Hann lagði áherslu á að hækkun atvinnuleysisbóta yrði eitt af þeim baráttumálum sem ASÍ myndi setja í forgang í næstu samningum ásamt því að bæturnar verði 80% af launum síðastliðinna tólf mánaða eins og fæðingarorlofið.

# Mikið bil á milli

*Á aðalfundinum minnti Björn Snæbjörnsson formaður á þá staðreynd að ekki hefur verið staðið við þá yfirlýsingu Geirs H. Haarde fjármálaráðherra að félagsfólk innan ASÍ, sem starfar hjá ríkinu, myndi öðlast sömu réttindi og þeir starfsmenn ríkisins sem eru í BSRB.*

„Þarna er mikið bil á milli, sérstaklega varðandi lífeyrismál og veikindarétt. ASÍ hefur lagt hart að fjármálaráðherra að standa við þessa yfirlýsingu en ekkert gengið. Það er lélegt að stjórnmálamenn, sem vilja láta taka sig alvarlega, skuli svíkja svona loforð. Það er því ljóst að þetta mikla réttlætismál mun verða ein af kröfunum á hendur ríkinu í næstu kjarasamningum," sagði Björn meðal annars á fundinum. Vart þarf að rifja upp fyrir lesendum að fjölmörg verkalýðsfélög hafa ályktað um og mótmælt vanefndum ráðherra á þessari yfirlýsingu sem gefin var í desember 2001.

# Verkalýðshreyfingin á kortið

Í skýrslu sinni á aðalfundinum minnti formaðurinn á þann árangur sem verkalýðshreyfingin hefur náð á undanförnum misserum í baráttunni gegn verðbólgunni. Hann lagði meðal annars áherslu á mikilvægi þeirrar baráttu og árangursins sem náðst hefur fyrir almenning í landinu og ekki síður fyrir starfið innan hreyfingarinnar. „Það er alveg ljóst að ákvörðun ASÍ um að fara í slaginn við rauða strikið hefur komið verkalýðshreyfingunni á kortið aftur og er nú leitað til ASÍ þegar umbrot eru í þjóðfélaginu. Þetta mun hafa áhrif á stöðu hreyfingarinnar í framtíðinni og mun leiða til aukinnar sóknar til betra mannlífs," sagði Björn meðal annars.

# Vantar stóran vinnustað

„Það er ljóst að menn horfa of mikið á Háskólann á Akureyri og Sjúkrahúsið," sagði Björn Snæbjörnsson formaður félagsins í skýrslu sinni á aðalfundi félagsins. Björn var þarna að ræða atvinnuástandið á svæðinu og þær aðgerðir sem reyndar hafa verið og þarf að fara í til að bæta stöðuna. Hann lagði að sjálfsögðu áherslu á að um þessar tvær stofnanir væri allt gott að segja en með hagsmuni félagsmanna Einingar-Iðju í huga sagði hann að þörf væri fyrir stór fyrirtæki sem útvegað gætu nokkur hundruð manns vinnu. „Ef við eigum að standa undir nafni sem mótvægi við höfuðborgina þá verður að breyta um aðferðir og hætta að karpa um hvort menn vilji sjá hér orkufrekan iðnað eða ekki," sagði Björn.

## 1. maí

# Velferð fyrir alla

***Yfirskrift og slagorð ASÍ á baráttudegi verkalýðsins var „Velferð fyrir alla".***

Í 1. maí ávarpi stéttarfélaganna á Akureyri var vakin athygli á miklum þversögnum sem blasa við í íslensku samfélagi. Samfélag sem aldrei hefur verið jafn vel efnum búið og nú en getur þó ekki sinnt sómasamlega ýmsum þeim hópum sem minnst mega sín. Þessar þversagnir vill verkalýðshreyfingin afmá en til þess þarf nýja forgangsröð, breyttar áherslur.

### Burt með launamisrétti

Í ávarpinu var einnig hnykkt á kröfum um að afmá skuli hvers kyns misrétti í launagreiðslum. Þar segir:

„Þrátt fyrir að verkalýðshreyfingunni hafi tekist að lyfta kaupmætti lægstu launa umtalsvert umfram önnur laun á undanförnum árum er enn mikið verk að vinna í launamálum. Í mörgum stórfyrirtækjum horfir launafólk upp á algert siðleysi varðandi laun stjórnenda. Dæmin á undanförnum mánuðum sýna launabil þar sem forstjórar fyrirtækja geta verið með allt að fjörutíufföld laun annarra starfsmanna. Forstjórar á ofurlaunum hafa sannarlega boðið heilbrigðri skynsemi og öllu siðgæði í landinu byrginn. Það eru allir starfsmenn fyrirtækjanna sem skapa arðinn með vinnu sinni - ekki forstjórarnir einir.

Verkalýðshreyfingin hvetur samningamenn sína og atvinnurekendur til að einbeita sér að því að afmá hvers konar mismunun í launum. Virðum í verki hið gamla slagorð hreyfingarinnar um sömu laun fyrir sömu vinnu."

Kröfur verkalýðshreyfingarinnar eru um réttlátara þjóðfélag þar sem virðing og velferð er höfð að leiðarljósi:

• Við viljum efla velferðarkerfi þar sem allir eigi jafnan aðgang.
• Við viljum setja fleiri stoðir undir atvinnulíf landsmanna til framtíðar.
• Við viljum árangursríka atvinnustefnu sem byggir á nýsköpun og fjölbreyttari menntun.
• Við viljum útrýma fátækt.
• Við viljum útrýma launamisréttinu.
• Við viljum raunsæja og réttláta skattastefnu.

Aðalfundur 2003

# Erfiður rekstur sjúkrasjóðs

***Á aðalfundi félagsins á dögunum stóðu aðalfundarfulltrúar frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun að skerða réttindi til greiðslna úr sjúkrasjóði félagsins. Sú ákvörðun var í raun óhjákvæmileg með hliðsjón af afkomu sjóðsins á liðnu ári því eins og formaðurinn benti á í skýrslu sinni á fundinum þá myndi það ekki taka mörg ár að tæma sjóðinn miðað við núverandi aðstæður ef ekki yrði gripið í taumana.***

Sjúkrasjóðurinn var rekinn með miklum halla á liðnu ári, eða á níundu milljón króna. Sjóðurinn hefur verið félaginu mjög þungur í rekstri og tapað rúmlega 13 milljónum á tveimur árum. Eignir sjóðsins eru nú aðeins 50 milljónir króna þannig að ljóst var að ekki varð unað við áframhaldandi hallarekstur.



*Frá aðalfundi félagsins þar sem samþykkt var að skerða réttindi í sjúkrasjóðnum vegna slakrar afkomu hans á liðnum árum.*

## Breyting á veikindarétti hafði ekki tilætluð áhrif

Meðal skýringa á hallarekstrinum er að greiðslur sveitarfélaganna í sjóðinn lækkuðu um átta milljónir króna á milli ára vegna breytinga sem gerðar voru í síðustu kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga. Þá var samið um verulega lengdan veikindarétt þeirra félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögum en á móti voru greiðslur sveitarfélaganna í sjúkrasjóðinn lækkaðar úr 1% af launum, sem er almenn greiðsla atvinnurekanda í sjúkrasjóð, í 0,33%.

Með lengingu veikindaréttarins og lækkun greiðslna í sjúkrasjóð var ætlunin að tryggja félagsmönnum sem starfa hjá sveitarfélögunum sama rétt og öðrum starfsmönnum sveitarfélaganna. Vegna þessa var vonast til að á móti lengdum veikindarétti kæmi minni þörf á greiðslum úr sjóðnum. Það gerðist hins vegar ekki, heldur þvert á móti, því greiðslur til starfsmanna sveitarfélaganna úr sjúkrasjóðnum hafa hækkað. Niðurstaðan er þannig óumflýjanlega sú að skerða verður réttindi félagsmanna til greiðslna úr sjúkrasjóðnum og þá meira hjá félagsmönnum sem starfa hjá sveitarfélögunum.

Rétt er að minna á að sum félög skertu strax greiðslur úr sjúkrasjóði við áðurnefnda breytingu en hjá Einingu-Iðju var ákveðið að bíða með skerðingu í þeirri von að ekki þyrfti að koma til hennar. Sú von brást eins og áður sagði.

## Breytingar á reglugerð

Helstu breytingar á reglugerð sjúkrasjóðsins til skerðingar, sem samþykktar voru á aðalfundinum, eru eftirtaldar:

- Hámark rekstrarkostnaðar sjúkrasjóðsins til skrifstofu verði 7% í stað 15%.
- Útfararstyrkur verði lækkaður úr 100 þúsund krónum í 80 þúsund.
- Barnadagpeningar lækki úr 4% í 2%.
- Félagsmönnum sem vinna eftir samningum þar sem greiðsla vinnuveitanda í sjúkrasjóð er aðeins 0,33% af launum í stað 1% hjá öðrum, skal tryggð allt að tveggja mánaða greiðsla dagpeninga úr sjúkrasjóði. Þó skulu þeim, sem ekki hafa öðlast fjögurra mánaða rétt til veikindalauna, tryggð allt að 6 mánaða veikindagreiðsla, það er veikindalaun og sjúkrasjóður samtals.
- Þeir félagsmenn sem vinna eftir samningum þar sem greiðsla vinnuveitanda í sjúkrasjóð er 0,33% af launum fá að hámarki tíu skipti í sjúkraþjálfun og sjúkranudd endurgreidd á hverju almanaksári.
- Áfengismeðferð verði greidd í allt að sex vikur á hverjum þremur árum, ekki á hverju ári eins og var.
- Kostnaður við krabbameinsleit verði endurgreiddur að hámarki 2.000 krónur á ári.

Samþykkt var á aðalfundinum að ofantaldar breytingar tækju gildi frá og með 1. maí síðastliðnum. Áætlað er að þessar aðgerðir muni lækka gjöld sjúkrasjóðsins um sem næst sjö milljónum króna.

## Eyjafjarðarsvæðið öðruvísi

Í tengslum við þær breytingar sem gerðar voru á reglugerð sjúkrasjóðsins á aðalfundinum sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, það umhugsunarvert hve betur virðist ganga að reka sjúkrasjóði annarra félaga. Greiðslubyrði sjúkrasjóðs Einingar-Iðju væri meiri en almennt gerðist án þess að menn viti af hverju. Jafnframt sagði hann frá því að við athugun hjá Lífeyrissjóði Norðurlands hafi komið í ljós að Eyjafjarðarsvæðið sé mun þyngra í greiðslum vegna örorku en önnur svæði sem Lífeyrissjóðurinn nær til. Komið hefur til tals að nauðsynlegt sé að gera sérstaka athugun á því hvers vegna sjúkrasjóður Einingar-Iðju stendur frammi fyrir mun erfiðari rekstri en sjúkrasjóðir annarra verkalýðsfélaga.

TRÉSMIÐJAN ALFA HF
alfa
INNRÉTTINGAR OG HURÐIR
Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími: 461-2977

BYKO
www.byko.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar
www.eyjafjordur.is/afe

SJÓVÁ ALMENNAR
Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464

BAUTINN AKUREYRI
Hafnarstræti 92
Sími 462 1818

la Vita è Bella
RISTORANTE

# Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN



EINN TVEIR OG ÞRÍR

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
– þar sem tryggingar snúast um fólk




VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
– þar sem tryggingar snúast um fólk

# Fræðslusjóðurinn LandsMennt – lítið þekktur en mikið notaður?

***Fram kom í könnun sem Starfsgreinasambandið lét gera og náði meðal annars til félagsmanna Einingar-Iðju að um sjö af hverjum tíu þeirra félagsmanna Einingar-Iðju sem svöruðu í könnuninni töldu sig þekkja illa eða ekkert til LandsMenntar. Til upprifjunar skal því á það bent sem áður hefur komið fram í blaðinu að LandsMennt er sameiginlegur sjóður atvinnurekenda og verkafólks á landsbyggðinni sem stofnaður var í tengslum við kjarasamningana í apríl 2000.***

Helstu verkefni sjóðsins eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningarverkefnum í starfsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjungar í námsefnisgerð og veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar. Markmiðið er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

### Mikið notað

Það hve fáir félagsmenn telja sig þekkja til LandsMenntar, ef marka má nefnda könnun, er í nokkru ósamræmi við það hve mikið hefur verið sótt um einstaklingsstyrki til sjóðsins. Félagið hefur staðið fyrir nokkurri kynningu á sjóðnum og möguleikum félagsmanna til að sækja um styrki og eru styrkir til félagsmanna margfalt hærri en framlag félagsins til sjóðsins.

Eining-Iðja greiddi um 1,4 milljónir króna til Landsmenntar á árinu 2002 en styrkir til félagsmanna úr Landsmennt á síðasta ári voru 4,6 milljónir, sem er mikil aukning frá því á árinu 2001. Það sem af er þessu ári er þegar búið að greiða út um tvær milljónir. Það er því óhætt að fullyrða að tilkoma LandsMenntar hefur auðveldað það að fjölbreytni námskeiða sé aukið og ekki síður gefið fleira fólki kost á að sækja fjölbreytta fræðslu.



*Fjölbreyttir möguleikar eru fyrir félagsmenn til að sækja námskeið og fá til þess styrk úr fræðslusjóðnum LandsMennt. Myndin er frá sjálfstyrkingarnámskeiði.*

### Fjölbreytt fræðslustarf

Fram kom í skýrslu formanns Einingar-Iðju á aðalfundi félagsins í byrjun maí að með tilkomu LandsMenntar hafi skapast grundvöllur að samstarfi um fræðslumál nefndi hann í því sambandi Útgerðarfélag Akureyringa sem hefur verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar við skipulag fræðslumála starfsfólks, ekki aðeins á félagssvæði Einingar-Iðju heldur á landinu öllu.

Félagið sjálft stóð síðan að fjölmörgum námskeiðum, sem ýmist voru kostuð af félaginu eða Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Félagsmönnum bauðst einnig að sækja ýmis námskeið sem kostuð voru af LandsMennt í samvinnu við fyrirtæki og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (Símey). Má þar nefna starfsmannafræðslu Sæplasts á Dalvík, sem mikill meirihluti starfsmanna sótti, fjölvirkjanámið og veituvirkjann. Fræðslusjóður félagsins sinnti einnig fleiri verkefnum á liðnu ári. Sjóðurinn gaf öllum nemendum í 10. bekk á Eyjafjarðarsvæðinu bæklinginn „Láttu ekki plata þig“, sem fjallar um réttindi og skyldur launafólks (sjá nánar á bls. 13). Þá hafa starfsmenn félagsins komið að námskeiðum í VMA og á liðnu ári voru haldin þrjú námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins. Áfram verður haldið á þeirri braut með haustinu því enn eru margir trúnaðarmenn á vinnustöðum sem ekki hafa sótt sérstakt trúnaðarmannanámskeið.

# Námskeiðastyrkir hækka

Vakin er athygli á að styrkir sem félagar í Einingu-Iðju geta sótt um til LandsMenntar hafa hækkað síðan reglur um styrkveitingar voru útskýrðar í desemberblaðinu 2002. Hver félagsmaður getur nú fengið allt að 35.000 krónum í styrki á hverju námsári en þó ekki meira en sem nemur 75% af námskostnaði. Styrkur vegna námskeiðs til aukinna ökuréttinda nemur nú 42.500 krónum.

### Sækið um

Einingar-Iðju félagar eru hvattir til að kynna sér rétt sinn til námsstyrkja og nýta sér þá möguleika sem í boði eru í gegnum fræðslusjóðinn LandsMennt. Helstu reglur um úthlutun styrkja til einstaklinga eru að félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í að minnsta kosti tólf mánuði og greitt til aðildarfélags LandsMenntar á þeim tíma, á rétt á stuðningi til starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastarfi. Félagsgjöld að upphæð 10.400 krónur eða meira jafngilda því að félagsmaður hafi verið í fullu starfi og er miðað við almanaksárið. Að loknu námi skal skila reikningi og viðurkenningu frá viðkomandi fræðslustofnun til skrifstofu viðkomandi stéttarfélags og er styrkur greiddur til félagsmanns að fullnægðum framantöldum skilyrðum.

Nánari upplýsingar eru að sjálfsögðu veittar á skrifstofu félagsins í síma 460 3600 og hjá LandsMennt í síma 562 6480. Einnig er upplýsingar að finna á vefsvæðunum www.eining-idja.is og www.landsmennt.is.

# Sjálfstyrking gagnast öllum

***Eitt síðdegið í vetur rambaði blaðamaður félagsblaðsins inn í kennslustund á miðju sjálfstyrkingarnámskeiði sem Guðbjörg Ingimundardóttir félagsráðgjafi hélt fyrir félagsmenn Einingar-Iðju. Hópurinn leyfði myndatöku og nú fyrir skömmu sló blaðamaður á þráðinn til eins af þátttakendunum, Elísabetar Skarphéðinsdóttur.***

Elísabet sótti námskeiðið sem trúnaðarmaður á sínum vinnustað, Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Hún sagðist aðspurð vera dugleg að sækja ýmiss konar fræðslu og fara á öll námskeið sem henni býðst að sækja í gegnum félagið, sem trúnaðarmaður þess. „Ég lít á þetta sjálfstyrkingarnámskeið sem góðan styrk í trúnaðarmannsstarfinu og líka sem styrk fyrir sjálfa mig almennt út á við. Þessi námskeið voru mjög eftirsótt og Guðbjörg, sem kenndi okkur á námskeiðinu, var alveg frábær. Mér fannst á öllum sem þarna voru að þeim fyndist þetta gera þeim mjög gott. Við vorum orðin miklu klárari að opna okkur og tala frammi fyrir fólki eftir þetta námskeið en fyrir það. Þetta gerir okkur starfið auðveldara,“ segir Elísabet þegar hún er spurð um gagnsemi sjálfstyrkingarnámskeiðsins.



*Kennari og hluti þátttakenda. Fremst á myndinni er Guðbjörg Ingimundardóttir félagsráðgjafi og við hlið hennar Elísabet Skarphéðinsdóttir, sem rætt er við hér í greininni.*

### Engin leiðindamál

Elísabet segir að reyndar hafi hún ekki lent í neinum „leiðindamálum“ í sambandi við vinnustaðinn þannig að það hefur ekki beinlínis reynt á þjálfunina á þann hátt en hins vegar sé það sem farið er í á námskeiðinu einfaldlega góð almenn þjálfun fyrir manneskjuna og samskipti við aðra. „Þetta hefur nýst mér sem persónu, bara svona almennt. Ég mæli eindregið með því að sem flestir fari á svona námskeið,“ segir hún. Á námskeiðinu fengu þátttakendur meðal annars þjálfun í því að standa frammi fyrir fólki og tala. „Við gerðum það í upphafi, þurftum að tala frammi fyrir hinum þátttakendunum, ræða um okkur sjálf, segja til nafns, segja frá vinnunni, fjölskyldu, vinum og áhugamálum. Hingað til hefur mér fundist erfitt að standa upp og segja til nafns og það fannst mér á hinum líka en það varð breyting á þegar leið á námskeiðið.“

### Skortir oft kjark

Elísabet kveðst oft hafa heyrt á fólki, sem til dæmis sæki fundi hjá verkalýðshreyfingunni eða annars staðar, að það langi til að tjá skoðanir sínar en hafi sig ekki í það. Þess vegna ættu allir að sækja sér álíka þjálfun og hún og félagar hennar fengu á sjálfstyrkingarnámskeiðinu hjá Guðbjörgu Ingimundardóttur. „Aldurinn hefur ekkert að segja í þessu sambandi,“ segir Elísabet, ákveðin og upplitsdjörf eftir þjálfunina hjá Guðbjörgu.

# Fjölvirkjanám

***Starfsmenn þriggja fyrirtækja á Akureyri hófu í byrjun árs svokallað „fjölvirkjanám“, sem er nýjung í starfsmenntun hérlendis. Markmið þeirra sem að fjölvirkjanáminu standa er að hægt verði að bjóða upp á það árlega.***

Námið er ætlað sérhæfðum verkamönnum í iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjum og er alls 100 kennslustundir að lengd. Það voru Slippstöðin, Sandblástur og málmhúðun og Möl og sandur sem riðu á vaðið og settust ellefu starfsmenn frá þessum þremur fyrirtækjum á skólabekk í janúar síðastliðnum. Kennt var að jafnaði tvisvar í viku auk þriggja laugardaga fram í miðjan apríl og síðan hefst kennsla aftur í byrjun október. Námið er byggt upp í samvinnu Einingar-Iðju, Félags byggingarmanna í Eyjafirði og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og hlaut styrk úr Starfsmenntunarsjóði 2002.

Fjölvirkjanámið er þrískipt; almenn fög (24%), fagleg fög (58%) og sérhæfð fög (18%). Sérhæfða hluta námskeiðsins er ætlunin að laga að þörfum þeirra fyrirtækja sem þátt taka hverju sinni. Samtals er boðið upp á kennslu í 22 greinum og er bæði bóklegt og verklegt.

# Réttur til að fá launaseðla

Stundum vill verða misbrestur á því að fólk fái fullnægjandi launaseðla frá vinnuveitendum sínum og sumir eiga í erfiðleikum með að fá launaseðla yfirleitt. Að gefnu tilefni vill félagið vekja athygli félagsmanna á því að þeir eiga rétt á því að fá launaseðla þar sem fram kemur tímafjöldi, tímalaun, heildarlaun, orlof, frádráttur í lífeyrissjóð, félagsgjald, staðgreiðsla skatta og annar frádráttur.

# Mikill áhugi meðal dyravarða

***Dyraverðir - núverandi og verðandi- sóttu námskeið sem haldið var í samvinnu Einingar-Iðju og Sýslumannsembættisins í vetur. Mikill áhugi reyndist á námskeiðunum og nú hafa þeir stofnað með sér félagsskap.***

Hitann og þungann af kennslunni báru þeir Daníel Guðjónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Þorsteinn Pétursson lögregluþjónn, en þeir, ásamt Matthildi Sigurjónsdóttur, varaformanni Einingar-Iðju, sáu að mestu um skipulag námskeiðanna og frágang námsefnis. Dyraverðirnir fengu fræðslu um ýmislegt er snýr að félaginu, og að auki fengu þeir skyndihjálparkennslu á slökkvistöðinni og „verklega þjálfun“ hjá júdóþjálfara. Þegar hafa verið haldin tvö slík námskeið og má búast við að framhald verði á. Á námskeiðunum var farið í gegnum ýmislegt það sem dyraverðir þurfa að kunna skil á, svo sem lög og reglugerðir, samskipti við lögreglu, aðferðir við að ná tökum á og yfirbuga gesti þegar á þarf að halda og margt fleira. Mikill áhugi reyndist á þessum námskeiðum og komust færri að en vildu.



*Sigfús Fossdal dyravörður tekur við viðurkenningarskjali frá Birni Snæbjörnssyni við lok dyravarðanámskeiðs.*

## Hagsmunahópur stofnaður

Meðal þess sem fór af stað í tengslum við þessi námskeið var undirbúningur að stofnun einhvers konar hagsmunahóps dyravarða innan Einingar-Iðju til þess að gæta hagsmuna þeirra almennt og skapa vettvang fyrir dyraverði til að ræða sín mál á víðum grundvelli. Reynslan mun síðan væntanlega skera úr um í hvaða formi þessi starfsemi verður innan félagsins. Páll Brynjar Pálsson, sem starfað hefur sem dyravörður í mörg ár, er í forsvari fyrir hópinn og átti raunar frumkvæði að því að koma á formlegum samskiptum dyravarða innan Einingar-Iðju. Hann segir grunnhugmyndina vera þá að skapa vettvang fyrir dyraverði til þess að koma sínum málum á framfæri og halda utanum réttindi þeirra, skipuleggja fræðslu og fleira slíkt. Hann segir mikla þörf á að halda þessum málum á lofti, vekja athygli dyravarða á kostum þess að vera í verkalýðsfélagi, hafa tryggingar í lagi og fleira í þeim dúr, því í raun séu þeir að leggja líf sitt og limi að veði. Ætlunin er að vera í góðri samvinnu við sem flesta sem að þessum málum koma varðandi fræðslu og ýmis réttindi dyravarða og síðan er hugmyndin að ná því fram að gera nám, eins og það sem dyraverðir sóttu á námskeiðunum hjá Einingu-Iðju í vetur, að skilyrði fyrir því að fólk fái að starfa sem dyraverðir.



*Auður Guðný Yngvadóttir æfir tökin fyrir hugsanleg átök við óróaseggi.*

## Forvitni

Blaðamaður félagsblaðsins leit inn á annað námskeiðið og spurði þar meðal annars Auði Guðnýju Yngvadóttur út í veru hennar þar. Hún var ekki í starfi sem dyravörður þegar hún sótti námskeiðið og kvaðst ætla að láta það ráðast hvort hún myndi reyna fyrir sér á þeim vettvangi. „Það var nú eiginlega forvitni sem rak mig hingað. Maður lærir alltaf eitthvað á svona námskeiðum en ég vissi samt eiginlega ekkert út í hvað ég var að fara,“ sagði Auður Guðný.

## Góð þjálfun

Sigfús Fossdal, starfandi dyravörður, kvaðst hafa haft gagn af námskeiðinu og ýmsu því sem þar var farið yfir og hefði ekkert á móti meiri fræðslu. „Ég held að það væri ekkert vitlaust að taka áframhaldandi nám í þessu. Ég væri sjálfur til í að taka aukatíma, til dæmis hjá Óda uppi í KA-heimili, því það er svo margt sem maður getur bætt við sig,“ sagði Sigfús meðal annars og vísaði þar til tíma í júdósalnum í KA-heimilinu þar sem Jón Óðinn Óðinsson júdóþjálfari (Ódi), tók dyraverðina í gagnlega þjálfun í ýmiss konar fangbrögðum þar sem áherslan var á að gera óróaseggi óvirka en um leið að verja sjálfan sig og komast hjá átökum.



*Páll Brynjar Pálsson, hvatamaður að stofnun félagsskapar dyravarða innan Einingar-Iðju.*

# Láttu ekki plata þig

Félagið hefur að undanförnu dreift bæklingnum „Láttu ekki plata þig!“, sem Starfsgreinasambandið gefur út, til allra nemenda í 10. bekk grunnskólanna á félagssvæðinu. Bæklingurinn er sérstaklega ætlaður ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og er þar í stuttu máli fjallað um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði.

Með rauða kverinu býður verkalýðshreyfingin allt ungt fólk velkomið í hóp félaga sinna og heitir því liðsinni sínu og væntir einnig þátttöku ungs fólks í félagslegu starfi hreyfingarinnar. Meðal þess sem er að finna í bæklingnum er einfaldur minnislisti um réttindi og skyldur:

- Upplýsingar um kjaramál færðu á www.rettindi.is.
- Geymdu launaseðla þína. Með þeim getur þú sannað réttindi þín.
- Á launaseðlum kemur fram hvaða kaup þú hefur, hvaða orlofsfé þú átt og hvað hefur verið dregið af laununum í skatta, lífeyris sjóð og félagsgjöld.
- Kjarasamningar tryggja þér lágmarksrétt.
- Allir nýir starfsmenn eiga að gera skriflegan ráðningarsamning.
- Fyrir félagsgjaldið færðu þjónustu frá stéttarfélaginu.
- Þú getur sótt um að leigja orlofshús.
- Þú getur sótt um fræðslustyrk.
- Þú getur fengið aðstoð í veikindum.
- Þú átt að fá yfirlit um greiðslur í lífeyrissjóð.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Verktakar njóta ekki sama réttar og launafólk.
- Ef þú ert atvinnulaus mundu eftir að skrá þig.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

**Sími 581 3300 • Allan sólarhringinn**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM OG ÚTVEGAR:**

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkklæðum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.
- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugarði.
- Organista, sönghópa, einsöngvara, einleikara og /eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fána.
- Blóm og kransa.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálmum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrennsla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leiði.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands • Suðurhlíð 35 • Fossvogi
